

Forsætisnefnd

Efni: Beiðni um viðbrögð forsætisnefndar vegna opinberrar umræðu borgarfulltrúa um dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-3132-17 gagn Reykjavíkurborg.

Í júníbyrjun félld dómur í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem felld var úr gildi áminning sem Reykjavíkurborg veitti stefnanda, árið 2017. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að Reykjavíkurborg hefði ekki tekist að sýna fram á að framkoma stefnanda hefði verið þess eðlis að tilefni hefði verið til áminningar. Þann 12. júlí sl. greindu fjölmiðlar frá niðurstöðu dómsins og í kjölfarið hófst umræða á samfélagsmiðlum.

Eðli málsins samkvæmt eru undirritaðri takmörk sett varðandi viðbrögð við opinberri umfjöllun um málið en ég tel engu að síður óhjákvæmilegt að leiðréttu þær rangfærslur sem þar hafa komið fram.

Í umfjöllun fjölmiðla, í umræðu á samfélagsmiðlum og í borgarráði var gefið til kynna og jafnvel fullyrt að dómurinn hafi snúist um einelti og að Reykjavíkurborg hafi verið dæmd til greiðslu miskabóta vegna eineltis af hálfu undirritaðrar í garð stefnanda. Það er alrangt og í niðurstöðukafla dómsins kemur fram að það sé ekki mat dómarar að undirritaða hafi skort sérstakt hæfi í skilningi stjórnsýslulaga til að veita áminningu þar sem framkoma í garð stefnanda verði ekki skilgreind sem óvild eða fjandskapur. Í þessu felst að það er mat dómsins að undirritaða skorti ekki sérstakt hæfi til að taka ákvarðanir í málefnum stefnanda. Hefði það verið niðurstaða dómsins að undirrituð hefði sýnt stefnanda eineltistilburði óvild eða fjandskap hefði væntanlega verið fallist á þau sjónarmið stefnanda og niðurstaðan verið sú að undirritaða skorti sérstakt hæfi. Það gerði dómurinn ekki og því er ekki hægt að draga þá ályktun af niðurstöðu dómsins að undirrituð hafi lagt stefnanda í einelti.

Þær lýsingar sem dómurinn setur fram á stjórnunaraðferðum undirritaðrar eru aftur á móti þess eðlis að það er skiljanlegt að það vakni spurningar. Það er því rétt að áréttu að í málum eins og þessu, eru ákvarðanir teknar af yfirvegun og að fenginni utankomandi ráðgjöf þar sem tekið er tillit til hagsmunu viðkomandi starfsmanns, starfsumhverfis viðkomandi aðila og Reykjavíkurborgar. Það er því ekki um geðþóttákvörðun stjórnanda að ræða.

Við aðalmeðferð málsins kom fram í málflutningi að stefnandi taldi sig lagðan í einelti af hálfu undirritaðrar. Í framhaldi óskaði undirrituð eftir því með bréfi til borgarritara að fram færi rannsókn á því hvort um einelti væri að ræða. Rannsóknin hefur ekki verið sett af stað en undirrituð bindur vonir við að hún geti hafist sem allra fyrst. Það er ekki rétt sem haldið hefur verið fram af borgarfulltrúa að sú beiðni hafi verið sett fram eftir að dómur fél og að áfrýjunarfrestur málsins hafi verið liðinn.

Í ljósi ummæla dómsins um stjórnunaraðferðir undirritaðrar hefur undirrituð jafnframt óskað eftir því við borgarritara að fram fari rannsókn á framkomu hennar í garð undirmanna sinna með það að leiðarljósi að kanna hvort sú lýsing sem dómurinn setur fram eigi við rök að styðjast.

Niðurlag

Pær rangfærslur sem settar hafa verið fram af hálfu borgarfulltrúa og hafa ratað í fjöldi um meint einelti af hálfu undirritaðrar í garð undirmanns, sem og umræður um að umrætt dómsmál hafi staðfest slíkt einelti, eru meiðandi og alvarlegar. Undirritaðri er því nauðugur einn kostur að bregðast við eftir því sem aðstæður leyfa.

Samkvæmt 29. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 ber sveitarstjórnnum að setja sér siðareglur sem ná til allra kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn og nefndum og ráðum sem sveitarstjórn skipar. Í siðareglum kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg kemur fram að kjörnir fulltrúar eigi að gegna störfum sínum af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna Reykjavíkurborgar. Í störfum sínum sé kjörinn fulltrúi bundinn af lögum, reglum og samþykktum Reykjavíkurborgar, sem og sannfæringu sinni. Kjörnir fulltrúar hafi ávallt í heiðri grundvallarreglur góðrar stjórnsýslu í störfum sínum, þ.m.t. gagnsæi í ákvarðanatöku, og framkvæmi ekkert það sem er til þess fallið að vekja grunsemdir um að annað en að lögmæt og málefna leg sjónarmið ráði för við stjórn Reykjavíkurborgar. Í siðareglunum er einnig kveðið á um að kjörnir fulltrúar gæti þess að fara ekki út fyrir umboð sitt í störfum sínum og virði verkaskiptingu í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar. Þeir sýni störfum og réttindum annarra kjörinna fulltrúa og starfsmanna Reykjavíkurborgar tilhlýðilega virðingu.

Undirrituð óskar eftir því við forsætisnefnd að tekið verði til skoðunar hvort ákvæði sveitarstjórnarlaga um réttindi og skyldur kjörinna fulltrúa og siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg hafi verið brotin í tilvitnaðri umræðu þar sem borgarfulltrúar hafa haldið því fram að undirrituð hafi lagt undirmann sinn í einelti með vísan í dóm héraðsdóms um áminningu, þar sem hvergi er komist að þeirri niðurstöðu að um einelti hafi verið að ræða. Jafnframt er óskað eftir að tekið verði til skoðunar hvort tilefni sé til að leita álits siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga á ummælum einstakra borgarfulltrúa um undirritaða í umræðum um umrætt dómsmál.

Virðingarfyllst,


Helga Björg Ragnarsdóttir


Skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt: Stefna Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi



Stefna Reykjavíkurborgar gegn einelti, áreitni og ofbeldi





Stefnuvirlýsing

Reykjavíkurborg tekur skyra afstöðu gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi. I starfsmannastefnu borgarinnar segir:

„Starfsmáður, sem með orðum, láibragði eða afterli, ógnar, trufnar eða ögrar öðrum á vinnustað, leggur starfsmann í einelti eða sýnir honum kynferðislega áreitni, telst brjóta grundvallarreglur samskiptu á vinnustað“.

Slik negðun getur leitt til áminningar og eftir atvikum starfsmássis.

Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar nært fjögurra þáttu; Reykjavíkurborgar sem stjórnvalds, sem atvinnurekanda, sem bjónustuveitanda og sem samstarfsaðila. Miðar stefnan að því að allir starfsmenn njóti jafns réttar án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbraða, stjórnmálaþoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, éfnahags, æternis, fótunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að skapa og viðhálda starfsumhverfi þar sem gagnkvæm virðing, traust, heilindi og fagmannlegt viðmot er í hávegum haft í öllum samskiptum. Til þess að undirstríka þær aherslur hefur skýr stefna og verkferlar verið settir fram sem felur í sér nauðsynlegar aðgerðir til að koma í veg fyrir og uppræta háttsemi sem teljast má einelti, áreitni eða ofbeldi.

Stefnuvirlýsing.....	3
Gildissvið og leiðarljós	4
Ábyrgð og skyldur stjórnenda.....	7
Réttindi, hlutverk og ábyrgð starfslóks	8
Eineltis- og áreitnityymi svíða Reykjavíkurborgar	9
Öryggi og heilbrigði á vinnustað	10

Reykjavíkurborg leggur fram áætlun um heilsuvvernd þar sem meðal annars er tekið á forvörnum og viðbrögðum til að koma í veg fyrir og til að bregðast við ef upp koma mál tengd einelti, áreitni eða ofbeldi. Áætlunin felur í sétt verklag borgarinnar og skal útfærð fyrir hvert svíð.

Stefna Reykjavíkurborgar vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis

Gildissvið og leiðarljós

Stefna þessi gildir fyrir alla starfsmenn Reykjavíkurborgar, hvort sem vinna þeirra fer fram í húsnæði borgarinnar eða annars staðar sem og aðra sem málíð geta varða sbr. reglugerð um aðgerðir gagn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum 1.009/2015, 3. gr. 9 lið. Jafnframt gildir hún um öll vinnutengd störf s.s. á ráðstefnum, námskeiðum, ferðalögum og öðrum félagslegum samkomum sem tengjast vinnustaðnum.

Starfsmenn geta orðið fyrir einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi bæði af hálfu samstarfsmanna og þeirra sem njóta þjónustu borgarinnar. Reykjavíkurborg liður ekki einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á starfsstöðum sínum og skuldbindur sig til að:

- Tryggja og viðhalda heiðbrigðu og öruggu starfsumhverfi fyrir allt starfssólk.
 - Vinna að forvörnum gagn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi t.d. með fræðslu og vitundarvakningu.
 - Bregðast skýrt við rökstuddum grun um einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum borgarinnar.
 - Vinna eftir samrændum verkferlum og viðbragðsáætlun um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi, á faglegan og óhlundrægan hatt.
 - Gæta jafnraðis og nærgætni í öllum aðgerðum.
- Skilgreiningar og birtingarmyndir eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni og ofbeldis

Einelti er síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanliðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem með því að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir. (sbr. b. liður. 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015).

Almennt gjildir að til að hegðun teljist einelti þarf mynstur endurtekkinnar, litslsviðandi eða neikvæðar í hegðunar og þróunar samskiptu að vera til staðar og valda vanliðan hjá þeim sem hún beinist að.

Um einelti getur verið að ræða hvort sem það er ásetningur geranda eður ei. Einelti getur falið í sér misbetingu valds, óformlegs eða formlegs sem meintur þolandi á erfitt með að verjast. Tilfallandi árekstrar eða skoðanaágreiningur er ekki einelti eða áreitni. Fólk er misjafnt og því verður ekki hjá því komist að einn getur upplifrað það sem móðgun eða ótilhýðilega háttsemi sem annar tekur ekki nærrí sé. Þetta verður að hafa í huga þegar einelti eða áreitni er til umfjörlunar.

Ótilhýðileg háttsemi sem beinist gegn persónu starfsmanns og virðingu, brýtur gegn almennri síðferðiskennd og viðmiðum um hvernig koma skuli fram við einstakling. Slik framkoma getur haft í för með sér neikvæð áhrif á einstaklinginn og jáfmvel hóþó starfsmanna.

Mata þarf hvort tilvik og hverjar ástæður á nákvæman og hlutausan hatt, á grundvelli fyrirliggjandi staðreynda og upplýsinga.

Hafa ber í huga að einelti felur oft í sér margar samverkandi þætti. Einelti getur m.a. falist í leitfarandi ef um endurtekin atvirk eru að ræða:

- Særandi eða móðgandi athugasemdir gagnvart þoland, fjandskapur, baktal og rógr eða útlokun frá félagslegum og flaglegum samskiptum.
- Að niðuriægjá polandann eða gera hann að athlægi.

Kynferðisleg áreitni getur verið örðbundin, táknaðen og/eða líkamleg og birtist m.a. í eftirfarandi hegðun:

- Grófur munnsöfnuður.
- Klámfni sem hengt er upp eða sýnt með örðum hætti s.s. í tölvu.
- Öviðeigandi spurningum um kynferðisleg máléfni.
- Snertingu sem er óvölkomin.
- Öviðeigandi athugasemdon settum fram í mál, á vefnum og/eða í gegnum snjallssíma.
- Tviræð og niðurlægjandi tilboð.


Kynbundin áreitni er hegðun sem tengist kyni þess sem fyrir henni verður, er í óþökk viðkomandi og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi og skapa aðstæður sem eru ógöndu, fjandsamlegar, niðurlægjandi, auðmykjandi eða mórdgandi fyrir viðkomandi (sbr. c. liður: 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015).

Ofbeldi er hverskyns hegðun sem leiðir til, eða gæti leitt til, líkamlegs eða sálraens skaða eða þjáninga þess sem fyrir henni verður, einnig hotun um slíkt, þvingun eða handahófskennda sviptingu frelsis (sbr. e. liður. 3. gr. reglugerðar nr. 1009/2015).

Ábyrgð og skyldur stjórmenda

Stjórnendur bera ábyrgð á því að viðhaldar góðu starfsumhverfi sem er laust við einleiti. (Lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla kemur jafnframt fram að atvinnurekendur og yfirmenn stofnana skuli gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk þeirra verði fyrir áreitni á vinnustæð.


Ætla má að einleiti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi af hálfu yfirmanns geti reynst enn þungbærara en af hálfu annarra vegna ójáfrar stöðu þessara einstaklinga á vinnustaðnum. Mikilvægt er þó að hafa í huga að stjórnendur, líkt og aðrir starfsmenn geta orðið fyrir einleiti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi í starfi. Ef tilkynnt er um meint einleiti, áreitni, eða ofbeldi af hálfu yfirmanns verður hann eða hún vanhæf til að ákvárdar um vinnuskilyrði tilkynnanda á meðan á könnun málst stendur og skal næsti yfirmaður taká ákvárdanir er varða meintan þoland eða málinu vísað til



- Óþægilleg eða illkvítin striðni gagnvart þolandu.
- Að starf, hæfni og verk þolandans eru litlu svit.
- Að draga úr ábyrgð og verkefnum polanda án malefalegra skyringa.
- Misnotku, t.d. með því að nevða þolandann til að sinna endurtekið erindum sem falla ekki undir starfsvið hans eða að láta hann hafa of ræða of mörög verkefni.
- Niðurlæging eða auðmýking, t.d. vegna aldur, kynferðis, uppruna, kynhneigðar, litarháttar, kynvitundar eða líkamlegs atgerfis.
- Hundsun, útilokun vinnufélaga, t.d. með því að láta eins og þeir séu ekki á staðnum.

Kynferðisleg áreitni er hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógöndu, fjandsamlegrar, niðurlægjandi, auðmykjandi eða mórdgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið örðbundin, táknaðen og/eða líkamleg. (sbr. 4. liður. 2. gr. laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla). Almennt gildir um kynferðislega áreitni að hun er í óþökk þess sem fyrir henni verður. Upplifun einstaklingsins skiptir meginmáli í þessu sambandi.

I mannréttindastefnu borgarinnar kemur einnig fram að kynferðisleg áreitni sé með öllu óheimil á vinnustöðum borgarinnar og að litið sé á klám eða klámvæðingu á vinnustæð sem mögulega birtingamynd kynferðislegrar áreitni.



starfsmannastjóra/maðrannauðssstjóra (sbr. 1. og 2. mgr. 22. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008).

- Sínya gott fordæmi með faglegu viðmótum sem einkennist af tillitssemi, kurtensi, virðingu, og umburðarlyndi.
- Sýna orði og athöfn að eineti, áreitni og annað ofbeldi er ekki liðið.
- Tryggja að allt starfsfólk hafi greiðan aðgang að og sé upplýst um stefnu þessa og verklagsreglur.
- Bregðast skjótt við ef þeir verða varir við óviðeigandi hegðun í skilningi þessarar stefnu, eða frá vitneskjum um slikt.
- Virða rétt allra til réttátrar málsmæðferðar.
- Styðja við aðlöga sem vinnu að athugun eða úrlausn mála.
- Íhlutast og griþá til aðgerða, eftir atvikum á meðan og eftir að málsmæðferð lýkur.
- Tryggja að allir starfsmenn fái upplýsingar um hvort þeir geti leitað ef þeir upplifa eineti, kynferðislega áreiti og ofbeldi.

Réttindi, hlutverk og ábyrgð starfsfólks

Ætlast er til að starfsmenn Reykjavíkurborgar framfylgi og styðji framgang stefnumnar með því að:


- Hegða séri í hvívetna á faglegan hátt, með virðingu fyrir öðrum að leiðarljósi.
- Taka þátt í hverju því könnunar- og/eða úrlausnarferli sem heyrir undir stefnuna, sé þess óskoð enda teljist þeir búa yfir mikilvægum upplýsingum er varða malið.
- Upplýsa þar til bæra aðilla um meint eineti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi sem hann hefur vitneskjum um. Þeir aðilar gætu verið yfirmaður, maðrannauðsráðgjafi, fulltrúi einelitis- og áreitnitymis, fulltrúi stéttarfélags, trúnaðarmaður, öryggistrúnaðar- maður eða öryggisvörður.
- Studuða að því að stefnunni sé framfylgt.
- Virða rétt allra til sæmdar og vitningar og gæta trúnaðar um persónuleg mál.

Einelitis- og áreitnityymi sviða Reykjavíkurborgar

Aðllum svíðum Reykjavíkurborgar og í miðlægri stjórnsvíslu eru starfandi einelitis- og áreitnitymi sem skiptuð eru þremur til fimm aðilum. Starfsmannastjórar/maðrannauðsstjórar sviða Reykjavíkurborgar eru ábyrgðamenn teymanna og tilnefna fulltrúa í þau. Listi yfir meðlimi einelitis- og áreitnityma má sjá á starfsmannavef Reykjavíkurborgar, undir hverju svíði og undir Mannauður / Einelti og áreitni.

Hlutverk einelitis- og áreitnitymannna er að:

- Upplýsa starfsfólk hjá Reykjavíkurborg um stefnu þessa, verkferla og viðbrigðsætlun sem unnið er eftir vegna einelitis kynferðislegrar áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi.
- Upplýsir starfsfólk um úrræði og stuðning sem í boði eru í slíkum málum.
- Taka á móti og koma tilkynningum um einelti, áreitni og ofbeldi í réttan farveg í samræmi við verkferli og viðbragðsáætlun.
- Tryggja að farið sé eftir upplýsinga- og stjórnsvísluögum og þeim reglum sem eiga við.
- Leiðbeina stjórnendum um verklag og úrræði ef upp kemur einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni eða ofbeldi á starfssstað.



Verum vel upplýst

- Skipulag vinnutíma
- Vinnuálag
- Eðli starfsfjárfra á vinnustaðnum
- Hvar/hvernig vinnan fer fram

Reykjavíkurborg ber að vera með áætlun um heilsuvernd. Í áætlun um heilsuvernd er meðal annars tekið á forvörnum og viðbrögðum til að koma í veg fyrir og til að bregðast við ef upp koma mál tengd einelti, áreitni eða ofbeldi. Áætlun um heilsuvernd fæst meðal annars í því að tilgreina til hvaða aðgerða skuli gipið í því skyni að koma í veg fyrir einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni og ofbeldi á vinnustað og hvað skuli gert ef silk atvik koma upp eða leikur grunur á því að silk atvik komið upp. Í því sambandi skal taka mið af öllum tiltaukum upplýsingum, þar með talð niðurstöðum úr áhættumati sem og skyldum vinnuvélteftenda. Áætlunin felur í séi verklag borgarinnar og skal utfærð fyrir hvert svíð.

ÖRYGGGI OG HEILBRIGDI Á VINNUSTAD

Til að koma í veg fyrir óviðeigandi hegðun og auka likur á ánægju í starfi ber að framkvæma áhættumat á vinnustöðvum reglulega. Áhættumat er gert meðal annars með því að greina áhættuhætti í varða:

- Hegðun á viðkomandi vinnustað þar sem attvinnurekandi, stjórmendur og/eða starfsmenn geta átt hlut að mál.
- Samskipti starfsmanna viðkomandi vinnustaðar við einstraklinga sem ekki teljast til starfsmanna vinnustaðarins en samskiptin eiga sér stað í tengslum við þá starfsemi sem fram fer á vinnustaðnum.

Ahættumat skal byggjast á öllum tiltaukum upplýsingum þar sem meðal annars skal tekið tillit til andlegra og félagslegra þáttar í tengslum við vinnustaður á vinnustaðnum, svo sem meðal annars er litð til eftirfarandi þáttar:

- Fjöldi starfsmanna
- Aldur starfsmanna
- Kynjahlutfall meðal starfsmanna
- Öllkur menningarálegur bakgrunnur starfsmanna
- Hugsanlegir örðugleikar meðal starfsmanna í tengslum við talað og/eða ritað mál

þar þarf m.a. að koma fram:

- Hverrig vinnuaðstaðum á vinnustað skuli háttá þannig að dregið sé úr hættu að að aðstæður skapist sem líkur eru á að leitt geti til eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis á vinnustaðnum.
- Hvert starfsmenn geti komið á framfæri kvörtun eða ábendingu um einelti, kynferðislega áreitni, kynbundna áreitni eða ofbeldi á vinnustaðnum.
- Hvaða aðgerða skuli gipið til í kjölfar máls vegna eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis í því skyni að koma í veg fyrir að silk hegðun endurtaki sig á vinnustaðnum.
- Hvaða aðgerða gípa skuli til komi fram kvörtun, ábending eða rökstuddur grunur um að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni eða ofbeldi eigi sér stað eða hafi átt sér stað á vinnustaðnum eða verði atvinnurekandi var við silk hegðun.
- Hvað atvinnurekandi geri verði hann var við aðstæður á vinnustaðnum sem líkur eru að leitt geti til eineltis, kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni eða ofbeldis verði ekki gipið til aðgerða.



Útgefandi: Mannauðsdeild Reykjavíkurborgar, 2015.

Hönnun: Elsa Nielsen, nielsen.is

